



# Fundargerð

## Stjórnarfundur Pyts

Aukafundur 24.3.2021 á Zoom.  
Fundur hófst: 20:10  
Fundi slitið 21:30

**Fundinn sátu:** Arnar Þór Stefánsson (APS), Hulda Stefanía Hólm (HSH), Margrét Birna Þórarinsdóttir (MBÞ), Markús Pétursson (MP).

Fundargerð ritaði: MBÞ

Samkvæmt hertum sóttvarnaraðgerðum stjórnvalda fer stjórn Pyts þess á leit við félagsmenn að þeir takmarki veru sína í húsinu utan skipulagðs starfs.

Kænuæfingar 10-18 ára munu halda áfram með takmörkunum. Sturtuaðstaða er lokuð og aðeins einn iðkandi má nota búningaklefa í einu. Nánari upplýsingar um framkvæmd æfinga verða sendar foreldrum iðkenda.

Ef áhugi er á kænuæfingum fyrir eldri iðkendur verða þær í boði á sunnudögum kl. 15 með áður nefndum takmörkunum. Að auki skulu iðkendur mæta fullbúnir og sápuþvo skal alla báta og búnað fyrir og eftir æfingar.

Samróður á kajak mun halda áfram. Krafa er gerð um að þátttakendur skrái mætingu fyrir fram á auglýstan viðburð á Facebook hóp kajakdeildar. Hámarksfjöldi þátttakenda í hverjum róðri er 10 manns. Til að lágmarka umgang um húsið skulu þátttakendur mæta fullbúnir og fara beint á útisvæði.

Viðhaldi á eignum klúbbsins verður haldið áfram með lágmarksfjölda þátttakenda til að virða nálægðarmörk. Umgengni um klúbbhúsið verður takmörkuð við svæði þar sem viðhaldi er sinnt hverju sinni.

Önnur starfsemi í húsinu er ekki heimil á meðan núverandi takmarkanir eru í gildi nema í samráði við formann félagsins. Tilmæli þessi verða uppfærð í samræmi við upplýsingar sem kunna að berast frá ÍSÍ, ÍBH, SÍL eða yfirvöldum.